

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/1327*  
*komudagur 14. 3. 2006*

Háttvirt samgöngunefnd

Vegna frumvarps til laga um brottfall laga um Flugskóla Íslands, vill undirritaður, f.h. Félags íslenskra atvinnuflugmanna ( FÍA ),

veita eftirfarandi umsögn :

**FÍA mælir eindregið með því að lög um Flugskóla Íslands verði endurskoðuð en ekki felld niður .**

Ástæður eru þessar :

1. Í núgildandi lögum um Flugskóla Íslands er fólgið aðhald, sem að mati FÍA er ekki innifalið í aðhaldi Flugmálastjórnar, sbr. 2. gr. og 3.mgr.5.gr.1.nr.17/1997 .

2. Það er mat FÍA að bóklegt nám til að öðlast réttindi til að stjórna flugförum eigi, alveg eins og bóklegt nám til vélstjórnarréttinda og skipstjórnarréttinda , að heyra undir menntamálaráðuneytið, eigi að hafa sinn rétta stað í menntakerfi landsins, en ekki að vera hliðsett eins og nú er .

Nemandi, sem lokið hefur bóklegu námi, til þess að geta fengið full atvinnuflugmannsréttindi, getur ekki fengið slíkt nám metið til eininga í framhaldskólum landsins, nema með mikilli fyrirhöfn og með sérstakri aðstoð frá menntamálaráðuneytinu .

Ekkert af þessu er til þess fallið að afla þessari menntun þeirrar virðingar sem hún á skilið .

Og ekki bætir þar úr skák, að þessi einu lög, sem kveða þó eitthvað á um hvernig bóklegri menntun flugmanna skuli háttað, skuli nú eiga að fella niður !

3. Það er mat FÍA, að sé þetta mál skoðað heildstætt, þá samrýmist þessi ráðagerð ekki því aðalmarkmiði að ávallt skuli þess freistað að gera almennu flugöryggi eins hátt undir höfði og nokkur kostur er hverju sinni .

Reykjavík, 14. marz 2006

Virðingarfyllst,

F.h. FÍA

---

Kjartan Norðdahl, hdl  
framkvæmdarstjóri FÍA